



Fimleikabing 21. maí 2023

Pingskjal nr. _____

Tillaga frá stjórn FSÍ um sjálfbærnistefnu sambandsins.

Fimleikabing, haldið 21. maí 2023, á Reykjum í Hrútafirði, samþykkir svohljóðandi umhverfisstefnu FSÍ:

Sjálfbærnistefna FSÍ

FSÍ leitast við, með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi, að fylgja ákvæðum alþjóðlegra samþykta og innlendra áætlana um sjálfbæra þróun, ásamt stefnu Alþjóða ólympíunefndarinnar (IOC) um sjálfbærnimál.

FSÍ mun taka frumkvæði við að innleiða sjálfbærni í kjarnastarfsemi sína og draga úr umhverfisáhrifum, m.a. við orkunýtingu, minnkun úrgangs og umhverfisvænum samgöngum. ÍSÍ hefur einsett sér að vinna að stöðugum umbótum á eigin frammistöðu í umhverfislegu, efnahagslegu og félagslegu tilliti.

Jafnframt mun sambandið hvetja og liðsinna aðilum innan hreyfingarinnar í starfi þeirra á þessu sviði.

Greinargerð:

Sjálfbær þróun mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum.

Íþróttahreyfingin er ekki undanskilin ábyrgð og verður, líkt og aðrir, að huga að sjálfbærnimálum. Alþjóðasamtök íþróttanna hafa unnið mikið starf í að undirbúa íþróttasamtök í heiminum fyrir þær breytingar sem nauðsynlegt er að íþróttahreyfingin á alþjóðavísu geri í sínu umhverfi til að mæta þeim kröfum sem lagðar eru á samfélagið í þessum efnum.

Íþróttahreyfingin á Íslandi mun geta nýtt sér þau tól og tæki sem þar bjóðast og farið í spor þeirra sem komnir eru skrefi lengra nú þegar.

ÍSÍ mun í sinni stefnu sérstaklega horfa til átta heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna en þau eru: 3 – Heilsa og vellíðan, 4 – Menntun fyrir alla, 5 – Jafnrétti kynjanna, 10 – Aukinn jöfnuður, 12 – Ábyrg neysla, 13 – Verndun jarðarinnar, 16 – Friður og réttlæti og 17 – Samvinna um markmiðin.

Stjórn FSÍ er falið að vinna stefnuna nánar með tilliti til markmiðasetningar og setja þau svo fram á heimasíðu sambandsins fyrir formannafund næsta haust.

Sent til:

Laganefndar

Allsherjarnefndar

Fjárhagsnefndar

_____ nefndar